



## Um WiseFish

WiseFish sjávarútvegslausnirnar henta fyrir útgerðir, vinnslur, útflytjendur, framleiðendur og dreifingaraðila í sjávarútvegi.

## Áskriftarleiðir


Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld. Vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur er innifalið.

## Samþætting við Dynamics NAV

Með fullri samþættingu við Dynamics NAV er bein tenging WiseFish við fjárhags- og birgðabókhald. Sölueiningar WiseFish ásamt framleiðslu og birgðum eru byggðar á sölueiningunum í NAV. Á þann hátt streyma sölur og birgðaupplýsingar beint í NAV sem gerir alla meðferð fjárhags og sjóðstreymis einkar þægilega.

WiseFish tekur tillit til allra hluta virðiskeðju sjávarfangsins.

útgerð og kuóti



vinnsla



sala



tengingar




gæðakerfi



hledslukerfi



# WiseFish er byggt á Dynamics NAV viðskiptahugbúnaðinum



Gott aðgengi er að upplýsingum á öllum tímum ferlisins, við innkaup, framleiðslu, sölu og flutning.

Í WiseFish eru innbyggð SQL verkfæri fyrir skýrslugerð.

## Öflugt birgðahald

Hægt er að skrá birgðir í WiseFish á ýmsan hátt, s.s. með WiseFish veiðiferðum eða með tengdum kerfum eins og Wise Peripherals, Innova frá Marel, Trackwell eða Fishmarkets. WiseFish sölueiningin er beintengd við Microsoft Dynamics NAV birgðakerfið sem tryggir beint streymi til birgðabókhalds NAV.

Microsoft Dynamics NAV er alhliða bókhaldskerfi sem hannað er að þörfum smærri og meðalstórra fyrirtækja.

- Í notkun í yfir 40 löndum
- .NET umhverfi
- MS SQL server
- Tengist öðrum kerfum á einfaldan hátt

Með sölu- og innkaupa-samkomulögum í WiseFish, útbýr notandinn stöðluð Dynamics NAV innkaupa- og söluskjöl sem tengjast birgðum og fjárhag.

Samkomulögin í WiseFish eru þróuð sem framendur á staðlaða Dynamics NAV virkni.


## Einfaldar uppfærslur

Einstök hönnun WiseFish gerir það að verkum að auðvelt er að uppfæra kerfið þegar ný útgáfa af Microsoft Dynamics NAV er gefin út.

# Hvað er WiseFish?

WiseFish er sérsniðin hugbúnaðarlausn sem er hönnuð til að sinna þörfum sjávarútvegsfyrirtækja. Hugbúnaðurinn býr yfir fjölbreyttum eiginleikum og tekur tillit til allra hluta virðiskeðju sjávarfangsins, allt frá veiðum, fiskeldi og framleiðslu til sölu og dreifingar.

WiseFish hentar öllum sjávarútvegsfyrirtækjum, litlum jafnt sem stórum.




## Útgerð og kvóti

WiseFish safnar mikilvægum aflaupplýsingum, meðal annars um sérstaka meðferð, aflasvæði, aflastærð og annað sem tengist

kostnaði veiðiferðarinnar. Afli er settur í framleiðsluáætlun í rauntíma áður en ferðin er gerð upp.

Þegar aflalínur eru skráðar verða þær samstundis sýnilegar í kerfinu áður en aflanum er landað.

Hægt er að skoða aflaupplýsingar eftir tegundum, veiðisvæðum, stærð, gæðaflokkun o.s.frv.



## Vinnsla

Móttaka og notkun hráefna og verkefna í vinnslu er skrásett með nákvæmum hætti sem og allur tengdur kostnaður. Einnig er haldið

vel utan um allar upplýsingar sem tengjast vörunni eins og verð, sölu og framleiðslusögu. Skilvirkt eftirlit og heildstæð stjórn er á birgðastöðu hráefna, vara, pakkninga og annarra afurða sem notaðar eru við framleiðsluna. Kerfið gerir mögulegt að geyma, framleiða og selja hefðbundnar og óhefðbundnar þyngdareiningar eftir pakkningum og þyngd.



## Sala og dreifing

Hér eru allar upplýsingar til að skipuleggja sölu og afhendingu tiltækar á einum stað sem er mikilvægt til að standast strangar

kröfur nútíma kaupenda á markaði.

Öll nauðsynleg flutningsskjöl eru útbúin sjálfkrafa þegar pöntunin er afgreidd. Þökkun, tínsla og flutningur á biðsvæði eru straumlínulöguð ásamt því að sending beint frá pöntun er með meiri sjálfvirkni.



## Jaðartæki

Í WiseFish er hægt að sjá bæði framleiðslu og birgðir í rauntíma. Innbyggð verkferli eru til staðar fyrir móttöku, framleiðslu, flutning,

vörubretti, vörutalningu og sölu. Um leið og kassar eða vörubretti eru skönnuð við pöntun, verða birgðir fráteknaðar þannig að hægt er að sjá strax hvað er tiltækt til sölu. Hægt er að útbúa skjöl fyrir akstur eða gámaflutning beint frá sölu- og flutningaskjálum.



## Gæðakerfi

Öflugur rekjanleiki er milli afurða og hráefnis. Gæðaskýrslur og gögn eru varðveitt til að uppfylla ítarlegar kröfur skoðunar- og

eftirlitsaðila. Settar eru gæðareglur um líftíma birgða sem farið er eftir þegar vörur eru skoðaðar. Fullkominn rekjanleiki niður á umbúðir, tengd skjöl, framleiðslulotur og gæðaeftirlit o.fl.



## Hleðslukerfi

Kerfið hentar fyrir magnflutninga þegar skipta þarf sendingum og dreifa bæði á flutningsför og ferðir. Hægt er að skipuleggja

farm á ferðir og deila honum síðan niður á gáma. Einnig er hægt að skipta upp gámum og öðrum flutningseiningum.

# WiseFish í Skýinu

- Sjávarútvegslausnir í áskrift er hagkvæm og þægileg nýjung

Greitt er mánaðarlegt gjald fyrir hugbúnað, uppfærslu- og þjónustugjöld. Innifalið er vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur. Hægt er að velja um að hýsa lausnina sjálfur eða hjá Wise.

## Áskriftarleiðir:

Leið 1	Leið 2
<p><b>WiseFish hugbúnaður:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Útgerð og kvóti</li><li>• Vinnsla</li><li>• Framleiðsla</li><li>• Sala og dreifing</li><li>• Gæðakerfi</li></ul> <p><b>Dynamics NAV:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárhagsbókhald</li><li>• Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi</li><li>• Innkaupakerfi</li><li>• Sölu- og birgðakerfi</li><li>• Eignakerfi</li><li>• Verkbókhald</li></ul> <p><b>Wise sérlausnir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Rafræn VSK skil</li><li>• Rafræn sending reikninga</li><li>• Þjóðskrártenging*</li></ul> <p>*Þjóðskrártengingin er innifalin en uppflettingar eru verðlagðar samkvæmt gildandi verðskrá.</p>	<p><b>WiseFish hugbúnaður:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Útgerð og kvóti</li><li>• Vinnsla</li><li>• Framleiðsla</li><li>• Sala og dreifing</li><li>• Gæðakerfi</li></ul> <p><b>Dynamics NAV:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fjárhagsbókhald</li><li>• Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi</li><li>• Innkaupakerfi</li><li>• Sölu- og birgðakerfi</li><li>• Eignakerfi</li><li>• Verkbókhald</li></ul> <p><b>Wise sérlausnir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Launakerfi</li><li>• Innheimtukerfi</li><li>• Rafræn VSK skil</li><li>• Rafræn sending reikninga</li><li>• Þjóðskrártenging*</li></ul>



- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
- Reglulegar uppfærslur
- Enginn stofnkostnaður
- Hægt er að nálgast og vinna með gögn óháð staðsetningu
- Öryggi, aðgengi og notkunarmöguleikar eru eins og best verður á kosið

## Upplýsingar



Komdu í kaffi og kynntu þér málið.

Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26, Reykjavík og Hafnarstræti 93-95, Akureyri.

Söludeild Wise:  
Sími: 545 3200,  
tölvupóstur: [sales@wise.is](mailto:sales@wise.is)  
[www.wise.is](http://www.wise.is)  
[www.navaskrift.is](http://www.navaskrift.is)



WiseFish er vottuð lausn af Microsoft og tengist án fyrirhafnar við Microsoft Outlook, Word og Excel.

WiseFish hefur verið í notkun hjá sjávarútvegs-fyrirtækjum um allan heim í yfir 20 ár.



Wise lausnir ehf.  
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [wise.is](http://wise.is)

